

# Sláturfélag Suðurlands svf.

---

Árshlutareikningur samstæðu

---

Janúar - júní 2008

Sláturfélag Suðurlands svf.  
Fosshálsi 1  
110 Reykjavík  
kt. 600269-2089

---

# Sláturfélag Suðurlands svf.

---

Árshlutareikningur samstæðu

---

Janúar - júní 2008

## **Efnisyfirlit**

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit yfir eiginfjárreikninga	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-16

---

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og eigenda Sláturfélags Suðurlands svf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2008, efnahag 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 29. ágúst 2008

Deloitte hf.

Benóní Torfi Eggertsson,  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Árshlutareikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2008 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykkið af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélags þess, Reykjarðs hf. sem Sláturfélagið á að fullu.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur tap samstæðunnar á tímabilinu janúar - júní 2008 472 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar í júnílok 2008 5.438 millj.kr., bókfært eigið fé í júnílok er 1.106 millj.kr. og eiginfjárhlutfall samstæðunnar er 20,3%.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars sl. var í aprílmánuði greiddur 15,86% arður af B-deild stofnsjóðs, alls kr. 28,6 millj.kr. og reiknaðir 10,0% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 24,1 millj.kr.

Að álit stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í júnílok 2008, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu janúar - júní 2008. Einnig að árshlutareikningurinn geymi yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. hafa í dag rætt árshlutareikning samstæðu félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2008 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2008

## Stjórn

Jónas Jónsson,  
formaður

Björn Harðarson

Brynjólfur Ottesen

Hreiðar Grímsson

Sigurlaug Jónsdóttir

## Forstjóri

Steinþór Skúlason

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2008

	Skýr.	2008 jan.-júní	2007 jan.-júní	2007 jan.-des.
Rekstrartekjur .....	3	3.248.205	2.545.049	5.472.435
Aðrar tekjur .....		22.428	21.218	34.421
Vöru- og umbúðanotkun .....		(1.760.111)	(1.205.960)	(2.540.366)
Laun og tengd gjöld .....	4	(722.117)	(677.199)	(1.480.379)
Annar rekstrarkostnaður .....		(500.800)	(471.809)	(1.020.914)
Afskriftir .....	9	(122.309)	(117.288)	(239.268)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>165.296</u>	<u>94.011</u>	<u>225.929</u>
Fjármunatekjur .....	5	41.372	42.235	82.009
Fjármagnsgjöld .....	6	(673.394)	(33.542)	(205.506)
Hagnaður af sölu hlutabréfa .....		0	1.750	4.176
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	11	(7.371)	17.162	24.608
(Tap) hagnaður fyrir skatta .....		(474.097)	121.616	131.216
Tekjuskattur .....	7	2.408	0	1.515
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b>		<u>(471.689)</u>	<u>121.616</u>	<u>132.731</u>
<b>Skipting (taps) hagnaðar</b>				
(Tap) hagnaður móðurfélags .....		(471.689)	97.245	98.237
(Tap) hagnaður minnihlutaeiganda .....		0	24.371	34.494
		<u>(471.689)</u>	<u>121.616</u>	<u>132.731</u>
<b>(Tap) hagnaður á hlut</b>				
(Tap) hagnaður á hverja krónu útistand. stofnsjóða .....	8	<u>(1,10)</u>	<u>0,29</u>	<u>0,32</u>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2008

## Eignir

	Skýr.	30.06.2008	30.06.2007	31.12.2007
<b>Fastafjármunir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	2.780.189	2.417.498	2.723.110
Langtímakostnaður .....		120.632	0	120.632
Eignarhlutar í félögum .....	11	79.374	99.694	101.224
Skuldabréfaeign .....	13	24.412	25.508	23.195
		<u>3.004.607</u>	<u>2.542.700</u>	<u>2.968.161</u>
<b>Veltufjármunir</b>				
Vörubirgðir .....	14	1.124.539	708.251	1.055.279
Skuldabréfaeign .....		5.152	4.869	4.542
Viðskiptakröfur .....	15	937.811	624.927	413.193
Aðrar skammtímakröfur .....	15	54.786	36.054	62.379
Handbært fé .....	15	310.851	40.569	23.558
		<u>2.433.139</u>	<u>1.414.670</u>	<u>1.558.951</u>
<b>Eignir</b>		<u>5.437.746</u>	<u>3.957.370</u>	<u>4.527.112</u>

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	30.06.2008	30.06.2007	31.12.2007
<b>Eigið fé</b>				
Stofnsjóður A-deild .....	16	257.448	237.121	240.822
Stofnsjóður B-deild, hlutafé .....	16	180.074	180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		159.111	159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður .....		97.164	87.340	97.164
Annað eigið fé .....		412.302	945.465	936.629
		<u>1.106.099</u>	<u>1.609.111</u>	<u>1.613.800</u>
Hlutdeild minnihl. í eigin fé dótturfélags .....		0	57.734	0
<b>Eigið fé</b>		<u>1.106.099</u>	<u>1.666.845</u>	<u>1.613.800</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>				
Langtímaskuldir .....	17	2.753.197	1.708.101	1.966.977
Tekjuskattskuldbinding .....	18	9.579	0	11.987
Eftirlaunaskuldbinding .....	19	45.300	46.600	45.300
		<u>2.808.076</u>	<u>1.754.701</u>	<u>2.024.264</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>				
Skuldir við lánastofnanir .....	20	620.842	195.692	441.689
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....	20	723.817	220.465	310.159
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	20	178.912	119.667	137.200
		<u>1.523.571</u>	<u>535.824</u>	<u>889.048</u>
<b>Skuldir</b>		<u>4.331.647</u>	<u>2.290.525</u>	<u>2.913.312</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>5.437.746</u>	<u>3.957.370</u>	<u>4.527.112</u>

# Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

## Eigið fé

	Stofnsjóður A- deild	Stofnsjóður B- deild	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2006 .....	203.677	180.074	159.111	85.343	914.438	1.542.643
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild .....	5.576				(3)	5.573
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild .....	(8.162)					(8.162)
Vextir af stofnsjóði A-deildar .....	26.580				(29.532)	(2.952)
Arður af stofnsjóði B-deildar .....					(26.111)	(26.111)
Hagnaður meirihlutaeigenda .....					19.968	19.968
Tillag í varasjóð .....				1.997	(1.997)	0
<b>Eigið fé 31.12.2006</b>	<b>227.671</b>	<b>180.074</b>	<b>159.111</b>	<b>87.340</b>	<b>876.763</b>	<b>1.530.959</b>
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild .....	6.312				(5)	6.307
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild .....	(7.504)					(7.504)
Vextir af stofnsjóði A-deildar .....	14.343				(15.937)	(1.594)
Arður af stofnsjóði B-deildar .....					(12.605)	(12.605)
Hagnaður meirihlutaeigenda .....					98.237	98.237
Tillag í varasjóð .....				9.824	(9.824)	0
<b>Eigið fé 31.12.2007</b>	<b>240.822</b>	<b>180.074</b>	<b>159.111</b>	<b>97.164</b>	<b>936.629</b>	<b>1.613.800</b>
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild .....	1.922				0	1.922
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild .....	(6.969)					(6.969)
Vextir af stofnsjóði A-deildar .....	21.673				(24.079)	(2.406)
Arður af stofnsjóði B-deildar .....					(28.560)	(28.560)
Tap tímabilsins .....					(471.688)	(471.688)
<b>Eigið fé 30.06.2008</b>	<b>257.448</b>	<b>180.074</b>	<b>159.111</b>	<b>97.164</b>	<b>412.302</b>	<b>1.106.099</b>

## Eigið fé minnihlutaeigenda

	30.06.2008	31.12.2007	31.12.2006
Yfirfært frá fyrra ári .....	0	33.363	29.952
Hlutdeild í afkomu ársins .....	0	34.494	3.411
Hlutdeild minnihluta keypt .....	0	(67.857)	0
<b>Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélags</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>33.363</b>

# Yfirlit um sjóðstreymi janúar - júní 2008

	Skýr.	2008 jan.-júní	2007 jan.-júní	2007 jan.-des.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
(Tap) hagnaður tímabilsins .....		(471.689)	121.616	132.731
Afskriftir .....	9	122.309	117.288	239.268
Verðbætur og gengism. eigna og skulda .....		560.199	(75.990)	10.155
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagum .....	11	7.371	(17.162)	(24.608)
Söluhagnaður fastafjármuna .....		(1.628)	(1.245)	(17.161)
Aðrir liðir .....		(2.408)	0	(2.815)
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>214.154</b>	<b>144.507</b>	<b>337.570</b>
Vörubirgðir, (hækkun) lækkun .....		(69.260)	193.834	(153.194)
Viðskiptakröfur ofl., (hækkun) .....		(524.113)	(283.300)	(100.296)
Viðskiptaskuldir ofl., hækkun (lækkun) .....		410.747	(807)	91.290
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>31.528</b>	<b>54.234</b>	<b>175.370</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	(183.359)	(234.409)	(680.113)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		5.600	600	32.202
Breyting á eignarhlutum í félögum .....	11	(2.500)	(15.250)	(181.897)
Arður frá hlutdeildarfélögum .....	11	16.979	18.466	18.467
Skuldabréfaeign, breyting .....		(126)	17.004	20.375
		<b>(163.406)</b>	<b>(213.589)</b>	<b>(790.966)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Skammtímalán við lánastofnanir, breyting .....		179.036	(63.287)	182.713
Nýjar langtímaskuldir .....		341.530	548.875	819.484
Afborganir langtímaskulda .....		(75.495)	(290.503)	(371.579)
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild .....	16	(7.455)	(6.487)	(2.790)
Arður af stofnsjóði B-deildar .....	16	(28.560)	(12.605)	(12.605)
		<b>409.056</b>	<b>175.993</b>	<b>615.223</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		277.178	16.638	(373)
Handbært fé í upphafi árs .....		33.673	23.931	23.931
Handbært fé í lok rekstartímabils .....		<b>310.851</b>	<b>40.569</b>	<b>23.558</b>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnassýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofu, markaðs- og söludeildir ásamt dreifingu á öllum framleiðsluvörum félagsins og innflutningi. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi. Félagið rekur sláturhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga, sem hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Sláturfélags Suðurlands svf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2007.

### Grundvöllur reikningsskilanna

Við gerð samstæðureikningsins, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, þurfa stjórnendur að gefa sér forsendur og framkvæma ýmis mót sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld tímabilsins. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir birtar í þúsundum íslenskra króna. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskyldu að veltufjáreignir eru færðar á gangvirði. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Samstæða

Árshlutareikningur samstæðunnar tekur til árshlutareiknings móðurfélagsins og árshlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Dótturfélag Sláturfélags Suðurlands svf. er Reykjagarður hf. sem m.a. rekur kjúklingasláturhús og kjötvinnslu á Hellu. Eignarhluti Sláturfélagsins í Reykjagarði hf. er nú 100%, en var 51% fram í nóvember 2007.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í árshlutareikningnum.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa áhrif á stjórnun þeirra með því að taka þátt í ákvörðunartöku um fjármála- og rekstrarstefnu. Árshlutareikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárstöðu hlutdeildarfélaga.

# Skýringar

---

## Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðisrýrnunar á reikningsskiladegi. Við mat á virðisrýrnum er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Við núvirðisútreikning er notuð vaxtaþrósentu sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta. Ef gangvirði viðskiptavildar (núvirt vænt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda.

## Ahættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er með framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er félagið með vaxtaskiptasamninga. Breytingar á gangvirði afleiðusamninga eru færðar í rekstrarreikning. Áhætta félagsins gagnvart innheimtu viðskiptakrafna er metin eðlileg, en viðskiptakröfur eru niðurfærðar til að mæta kröfum sem kunna að tapast.

## Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

## Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

## Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## Skattamál

Útreikningur tekjuskatts byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 15% og lækkaði það úr 18% á fyrri hluta ársins 2008.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýttast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

# Skýringar

---

Kostnaðarverð að teknu tilliti til hrakvirðis er afskrifað á áætluðum nýtingartíma. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söluþegi. Stjórnendur yfirfara mat á hrakvirði og nýtingartíma á hverjum reikningsskiladegi.

## Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna og metið hvort vísbending sé um að eignir hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnunin er (sé um slíkt að ræða). Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir. Viðskiptavild er metin a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð. Þetta á þó ekki við um viðskiptavild, virðisrýrnun vegna viðskiptavildar er aldrei bakfærð.

## Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlun er að eiga fram á gjalldaga eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eftir aðferð virkra vaxta.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Skuldabréf í eigu samstæðunnar eru viðskiptabréf vegna rekstrar og sölu eigna, en ekki markaðs- eða fjárfestingaverðbréf.

## Birgðir

Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðarverði, áætluðu framleiðsluverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Rekstrarvörur og aðrar birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að fráðregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á þeirri virðisrýrnun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráðregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok rekstrartímabilsins, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn eða aðra aðila tengda rekstrinum.

## Starfsþáttayfirlit

Starfsemi samstæðunnar er einsleit og felst að mestu í slátrun, vinnslu og sölu á landbúnaðarvörum. Auk þess er samstæðan með sölu á öðrum verslunarvörum og aðföngum til bænda. Starfsþáttayfirlit samstæðunnar er birt eftir landsvæðisskiptingu, en þar má sjá að langmestar tekjur samstæðunnar eru vegna sölu innanlands.

## 3. Sala

	2008 jan. - júní	2007 jan. - júní
Sala félagsins greinist þannig eftir mörkuðum:		
Sala innanlands .....	3.210.300	2.521.169
Sala erlendis .....	37.905	23.880
	<u>3.248.205</u>	<u>2.545.049</u>

## 4. Launamál

	2008 jan. - júní	2007 jan. - júní
Laun .....	588.021	563.385
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður .....	134.096	113.814
	<u>722.117</u>	<u>677.199</u>

## 5. Fjármunatekjur

	2008 jan. - júní	2007 jan. - júní
Vaxtatekjur .....	37.751	34.353
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign .....	2.751	1.566
Arður af hlutabréfaeign .....	870	6.316
	<u>41.372</u>	<u>42.235</u>

## 6. Fjármagnsgjöld

	2008 jan. - júní	2007 jan. - júní
Vaxtagjöld .....	(43.255)	(19.433)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(133.231)	(70.406)
Gengismunur .....	(496.908)	56.297
	<u>(673.394)</u>	<u>(33.542)</u>

# Skýringar

## 7. Skattamál

Ekki er gjaldfærður tekjuskattur á rekstrartímabilinu þar sem samstæðan er rekin með tapi. Vegna lækkunar á skatthlutfalli úr 18% í 15% þá er færð til tekna í rekstrarreikningi lækkun á tekjuskattsskuldbindingu.

## 8. Hagnaður (tap) á hlut

Hagnaður (tap) á hverja krónu útistandandi stofnsjóða er reiknaður miðað við stöðu A- og B-deildar stofnsjóða í upphafi og lok rekstrartímabils. Stofnsjóðirnir eru lagðir saman og þannig fengin út meðalstaða þeirra og er síðan meðalstöðu stofnsjóða deilt upp í afkomu viðkomandi rekstrartímabils.

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innrétingar	Bifreiðir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	3.319.866	2.312.341	145.085	5.777.292
Eignfært á árinu .....	63.149	104.109	16.088	183.346
Selt og aflagt á tímabilinu .....	0	0	(9.275)	(9.275)
Staða í júnílok .....	3.383.015	2.416.450	151.898	5.951.363
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	1.393.190	1.609.877	51.115	3.054.182
Afskrift ársins .....	40.894	73.250	8.152	122.296
Selt og aflagt á tímabilinu .....	0	0	(5.304)	(5.304)
Staða í júnílok .....	1.434.084	1.683.127	53.963	3.171.174
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.926.676	702.464	93.970	2.723.110
Bókfært verð í júnílok .....	1.948.931	733.323	97.935	2.780.189
Afskriftarhlutföll .....	2-4%	12-20%	8-15%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í ársbyrjun 2008 greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir .....	1.678.474	4.172.259
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		1.824.433
Rekstrarstöðvunartrygging .....		1.659.884

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að efirstöðvum 1.489 millj.kr. í júnílok 2008.

## 10. Viðskiptavild

Félagið keypti í nóvember 2007 49% eignarhluta minnihlutaeigenda í dótturfélaginu Reykjagarði hf. og á eftir kaupin 100% í því félagi. Bókfært verð eigna og skulda Reykjagarðs hf. var endurmetið í gangverð á kaupdegi og yfirfæri hlutfallslega á keyptan eignarhlut og var það sem ekki var úthlutað eignfært sem keypt viðskiptavild að fjárhæð 121 millj.kr. sem færð er meðal fastafjármuna. Viðskiptavildin er ekki áfskrifuð í árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 11. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>			
Reykjagarður hf, Reykjavík .....	100,00%	100.000	Sala á kjúklingum
<b>Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:</b>			
Hollt & Gott ehf., Reykjavík .....	50,00%	8.000	Sala á salati
Birtill ehf., Reykjavík .....	50,00%	5.000	Innflutningur
Förgun ehf., Selfossi .....	35,00%	7.000	Förgun á úrgangi
Ísfugl ehf., Mosfellsbær .....	30,00%	4.982	Sala á kjúklingum
Guldfoss AS, Danmörku .....	100,00%	dkr. 6.600	Sala á lambakjöti í Danmörku

Tap af félögum sem tekin eru sem hlutdeildarfélög nam 7,4 millj.kr. á rekstrartímabilinu. Starfsemi Guldfoss AS er óveruleg. Arður frá hlutdeildarfélögum nam 17,0 millj.kr. á tímabilinu janúar - júní 2008.

Eignarhlutar í öðrum félögum er eignfærður á kostnaðarverði. Samstæðan keypti hlutabréf fyrir 2,5 millj.kr á tímabilinu.

## 12. Eignarhlutar í félögum

	30.06.2008	31.12.2007
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	66.306	88.156
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	13.068	13.068
	<u>79.374</u>	<u>101.224</u>

## 13. Skuldabréfaeign

Greining á skuldabréfaeign:

	30.06.2008	31.12.2007
Staða í ársbyrjun .....	27.523	46.547
Ný bréf á tímabilinu .....	1.088	4.010
Innborganir á tímabilinu .....	(1.326)	(24.282)
Verðbætur .....	1.699	1.248
Staða í lok tímabilsins .....	28.984	27.523
Næsta árs afborgun .....	(4.572)	(4.328)
	<u>24.412</u>	<u>23.195</u>

Yfirlit yfir skuldabréfaeign:

	30.06.2008	31.12.2007
Verðtryggð bréf .....	23.809	21.678
Óverðtryggð bréf .....	5.175	5.845
Staða í lok tímabilsins .....	28.984	27.523

# Skýringar

## 14. Vörubirgðir

	30.06.2008	31.12.2007
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur .....	665.725	828.635
Rekstrarvörur .....	81.536	73.670
Ýmsar birgðir .....	377.278	152.974
	<u>1.124.539</u>	<u>1.055.279</u>
Tryggingaverðmæti birgða .....	1.124.539	1.055.279

## 15. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	30.06.2008	31.12.2007
Innlendar viðskiptakröfur .....	969.267	444.649
Áætluð virðisrýrnun krafna .....	(31.456)	(31.456)
	<u>937.811</u>	<u>413.193</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	30.06.2008	31.12.2007
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	16.454	13.877
Virðisaukaskattur .....	22.651	17.499
Aðrar kröfur .....	15.681	31.003
	<u>54.786</u>	<u>62.379</u>

### Handbært fé

	30.06.2008	31.12.2007
Sjóður og bankainnstæður .....	310.851	23.558
	<u>310.851</u>	<u>23.558</u>

## 16. Eigið fé

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta A- deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B- deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Í A- deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundradshluti af viðskiptaupphæð hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Félagsmenn hafa heimild til að taka út A- deild stofnsjóðs m.a. þegar þeir hætta búskap og við 70 ára aldur. Á tímabilinu var greiddur arður að fjárhæð 28,6 millj.kr. til eigenda B- deildar

Stofnsjóður A-deild greinist þannig:	30.06.2008	31.12.2007
Stofnsjóður í ársbyrjun .....	240.822	227.671
Vextir af stofnsjóði A-deildar .....	21.673	14.343
Stofnsjóðsgreiðslur í A-deild .....	(5.047)	(1.192)
	<u>257.448</u>	<u>240.822</u>
Stofnsjóður B-deild greinist þannig:	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok .....	100,00%	200.000
Eigin hlutir í árslok .....	-9,96%	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>

# Skýringar

## 17. Langtímaskuldir

Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	30.06.2008	31.12.2007
Skuldir í CHF .....	647.593	381.566
Skuldir í EUR, .....	591.664	352.642
Skuldir í JPY .....	466.899	285.370
Skuldir í USD .....	375.764	281.439
Skuldir í GBP .....	15.717	12.811
Skuldir í myntkörfu .....	44.018	19.215
	2.141.655	1.333.043
Verðtryggt lán í ÍSK .....	790.454	771.135
	2.932.109	2.104.178
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(178.912)	(137.201)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins .....	2.753.197	1.966.977
Langtímaskuldir greinast þannig:	30.06.2008	31.12.2007
Skuldir við lánastofnanir .....	2.849.557	2.052.706
Skuldir vegna fjármögnunarleigusamninga .....	50.358	19.215
Skuldir við aðra .....	32.194	32.257
	2.932.109	2.104.178

## 18. Frestaður skattur

	30.06.2008	31.12.2007
Staða í ársbyrjun .....	0	0
Tekjuskattsskuldbinding vegna kaupa á Reykjagarði hf. ....	11.987	13.502
Reiknaður tekjuskattur vegna 2008 .....	(492)	0
Lækkun tekjuskattprósentu úr 18% í 15% .....	(1.916)	(1.515)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008 .....	0	0
Staða í árslok .....	9.579	11.987

**Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9.579	11.987
	9.579	11.987

## 19. Eftirlaunaskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við þrjá fyrrverandi starfsmenn félagsins. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 45,3 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2019.



# Skýringar

## 20. Aðrar peningalegar skuldir

### Skuldir við lánastofnanir

	30.06.2008	31.12.2007
Skammtímaskuldir við banka .....	596.484	430.182
Áfallnir vextir langtímalána .....	24.358	11.507
	<u>620.842</u>	<u>441.689</u>

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	30.06.2008	31.12.2007
Viðskiptaskuldir .....	571.645	170.251
Ógreitt vegna launa og tengdra gjalda .....	111.854	40.411
Ýmsar skuldir .....	40.318	99.497
	<u>723.817</u>	<u>310.159</u>

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.06.2008	31.12.2007
Skuldir við lánastofnanir .....	150.410	119.471
Fjármögnunarleigusamningar .....	23.886	13.433
Aðrar langtímaskuldir .....	4.616	4.296
	<u>178.912</u>	<u>137.200</u>

## 21. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan notar framvirka gjaldmiðla- og valréttarsamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu, en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Einnig er samstæðan með vaxtaskiptasamninga. Engir gjaldmiðlasamningar eru þó í gildi í júnílok 2008.

Samstæðan er með rekstrarleigusamninga vegna bifreiða sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Eftirstöðvar samninganna í lok júní 2008 nema 32,2 millj.kr.

## 22. Samþykki árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 29. ágúst 2008.